



## Leiðbeiningar um útfyllingu á beiðni um leyfi til einkaskipta

Athygli er vakin á því að með því að fá leyfi til einkaskipta taka erfingjar **persónulega ábyrgð** á öllum á skuldum hins látna.

### Til upplýsinga

Þess er óskað að eyðublað á vefsíðu sýslumanns fyrir [beiðni um leyfi til einkaskipta](#) verði notað. Beiðnina þarf síðan að prenta út og undirrita og skila til sýslumanns þar sem skipti á dánarbúinu fara fram. Hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þarf að panta viðtalstíma fyrirfram til að leggja fram beiðni um leyfi til einkaskipta.

Ef upplýsingar komast ekki fyrir á eyðublaðinu má bæta við blaði eða blöðum eða skila fylgigögnum og vísa til fylgigagna í viðeigandi reit.

Ef fyrir liggur erfðaskrá eða kaupmáli þarf að skila frumriti af því með beiðninni hafi því ekki þegar verið skilað til sýslumanns.

Ef umboðsmaður undirritar beiðnina fyrir erfingja verður frumrit umboðs að fylgja beiðninni hafi því ekki þegar verið skilað til sýslumanns.

Sýslumaður fer yfir beiðnina og gefur út sérstakt leyfisbréf ef skilyrði eru til að verða við beiðninni. Leyfið er sent til erfingja í [stafrænt pósthólf á Ísland.is](#). Frumrit afhent eða sent í pósti ef óskað er.

### Útfylling á eyðublaðinu

**Upplýsingar um látna:** Fylla skal út helstu upplýsingar um látna og dánardag.

**Ef látni sat í óskiptu búi:** Ef látni sat í óskiptu búi skal einnig fylla út upplýsingar um látinn maka og dánardag hans.

**Kaupmáli og erfðaskrá:** Fylla skal út upplýsingar um það hvort það liggi fyrir kaupmáli eða erfðaskrá eftir látna.

**Erfingjar látna/látnu:** Erfingjar hins látna/hinna látnu: Fylla skal út upplýsingar um nöfn, kennitölur, tengsl við látna, netföng og síma allra erfingja. Ef látni sat í óskiptu búi skal fylla út upplýsingar um alla erfingja beggja hjóna.

Ef eitthvert barna látna/látnu hefur látist á undan honum og barnið lét eftir sig börn eða aðra afkomendur skal skrá þá sem erfingja. Einungis á að skrá barnabörn eða barnabarnabörn ef þau eru erfingjar í stað látins foreldris síns. Sama á við um kjörbörn sem hafa verið ættleidd.

Ef eitthvert barna látna/látnu hefur fallið frá eftir útgáfu leyfis til setu í óskiptu búi fer arfur eftir það foreldri sem lést á undan til dánarbús látins barns.

**Lögráðamenn eða málsvarar erfingja:** Fylla skal út upplýsingar um lögráðamenn eða málsvara sem koma fram fyrir hönd erfingja við skipti á dánarbúinu. Lögráðamaður getur verið foreldri/foreldrar sem fara með forsjá barns eða sá sem hefur verið skipaður lögráðamaður fyrir erfingja. Málsvari getur verið sá sem sýslumaður hefur skipað til að koma fram fyrir hönd erfingja við skipti á dánarbúi.



Fylla skal út upplýsingar um nafn og kennitölu lögráðamanns og númer erfingja fyrir framan.

**Innlendar og erlendar eignir á dánardegi:** Fylla skal út upplýsingar um allar eignir látna. Ef látni var í hjónabandi skal fylla út allar hjúskapareignir beggja hjóna og séreignir látna vegna kaupmála eða arfs með kvöð um að hann sé séreign. Ef eftirlifandi maki á séreignir á ekki að skrá þær á beiðnina.

**Fasteignir:** Fylla skal út fasteignanúmer, heiti fasteignar, sveitarfélag og skráð fasteignamat á dánardegi. Upplýsingarnar er hægt að finna í síðasta skattframtali látna eða á vefsíðu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar [www.hms.is](http://www.hms.is)

**Innbú:** Fylla skal út áætlað markaðsverð á innbúi.

**Ökutæki, loftför og skip:** Fylla skal út upplýsingar um fastanúmer og markaðsverð ökutækja, loftfara og skipa. Hægt er að miða við upplýsingar í síðasta skattframtali eða afla verðmats frá söluaðila.

**Innistæður í innlendum og erlendum bönkum og sparisjóðum:** Fylla skal út númer allra bankareikninga og innistæður með áunnum vöxtum á dánardegi. Ef látni var í hjónabandi skal einnig skrá stöðu á bankareikningum eftirlifandi maka á dánardegi látna. Einnig skal skrá bankareikninga erlendis ef einhverjir eru.

**Verðbréf og kröfur:** Fylla skal út upplýsingar um útgefanda á verðbréfum og útistandandi kröfum og fjárhæð þeirra með vöxtum á dánardegi. Ef um verðbréf er að ræða skal skrá nafn og kennitölu útgefanda. Einnig getur verið um að ræða útistandandi kröfu á einstakling eða félag og skal þá skrá nafn og kennitölu þess sem krafan beinist að.

**Hlutabréf:** Fylla skal út upplýsingar um heiti hlutafélags eða einkahlutafélags og kennitölu. Einnig skal fylla út nafnverð hlutarins, gengi og verðmæti á dánardegi. Hægt er að fá upplýsingar hjá bönkum eða miða við ársreikning félagsins sem er hægt að sækja á vefsíðu Skattsins [www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/](http://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/)

**Aðrar eignir:** Fylla skal út upplýsingar um aðrar eignir svo sem hugverkaréttindi, búseturétt eða annað sem ekki verður fært undir aðra reiti á beiðninni ásamt upplýsingum um verðmæti þeirra á dánardegi.

**Peningar/bankahólf:** Fylla skal út upplýsingar um verðmæti sem eru varðveitt í bankahólfi eða annarsstaðar ef einhver eru.

**Innlendar og erlendar skuldir:** Fylla skal út upplýsingar um allar skuldir látna á dánardegi. Ef látni var í hjónabandi skal fylla út allar skuldir beggja hjóna. Einnig skal skrá skuldir erlendis ef einhverjar eru. Fylla skal út nafn og kennitölu kröfuhafa og eftirstöðvar skuldar á dánardegi.

**Fylgiskjöl:** Ef fyrir liggur erfðaskrá látna eða kaupmáli þarf að skila frumriti af því með beiðninni hafi því ekki þegar verið skilað til sýslumanns. Ef fyrir liggur annarskonar erfðagerningur eða löggerningur um fjármál látna sem áhrif hefur á dánarbússkiptin þarf frumrit þess að fylgja beiðninni.

Ekki er þörf á að skila gögnum um eignir og skuldir með beiðni um leyfi til



einkaskipta. Gögnum um eignir og skuldir verður skilað með erfðafjárskýrslu við lok skipta hafi sýslumaður ekki þegar móttengið þau.

**Umboðsmaður erfingja:** Erfingjar geta tilgreint umboðsmann til að koma fram af þeirra hálfu við einkaskipti á dánarbúinu. Skrá skal nafn og kennitölu umboðsmanns. Umboðsmaður þarf einnig að árita beiðnina um samþykki sitt.

**Undirritun:** Allir erfingjar þurfa að undirrita beiðnina á bls. 3. Ef umboðsmaður undirritar beiðnina fyrir erfingja verður frumrit umboðs að fylgja hafi því ekki þegar verið skilað til sýslumanns. Ef lögráðamaður eða málsvari undirritar beiðnina fyrir erfingja þarf skipunarbréf að fylgja hafi því ekki þegar verið skilað inn. Þegar beiðnin hefur verið undirrituð þarf að skila henni inn til sýslumanns þar sem skiptin fara fram.

Athygli er vakin á því að með því að fá leyfi til einkaskipta taka erfingjar á sig **sjálfskuldarábyrgð** á öllum skuldbindingum dánarbúsins og gjöldum sem fylgja skiptum og arftöku.

Frekari upplýsingar um dánarbúsmál má nálgast á

<https://island.is/s/syslumenn/andlat-og-danarbu>

Eyðublöð má nálgast á <https://island.is/s/syslumenn/eydublod>

## Lagareglur:

[Erfðalög nr. 8/1962](#)

[Lög um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20/1991](#)

[Lög um erfðafjárskatt nr. 14/2004](#)